



Bókun

Málnr.: 23-054 S 229 Frosti ÞH 229

Dags: 22.07.2023

Staður: Hornafjarðarós

Lýsing: Skipið strandaði á leið út úr Hornafjarðarósi

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Samantekt:

Pann 22. júlí 2024 kl. 12:26 var Frosti á leið út frá Hornafirði. Veður: logn og bjartviðri. Eftir að hafa farið fyrir Hellisvíta fór skipið út úr innsiglingarennunni og of nálægt landi svo það strandaði.

Klukka 15:00 hafði flætt nægilega að til að skipið losnaði. Engar skemmdir urðu á Frosta og enginn um borð slasaðist.

Helstu staðreyndir:

Skipaskr.nr. 2433
IMO 9256963
Útgerð: Frosti ehf.
Smíðaður Kína 2000, stál
Stærð: 327 BT.
Mesta lengd: 28,87 m *Skráð lengd:* 26,04 m
Breidd: 9,17 m *Dýpt:* 6,05 m
Vél: Yammar 2019, 420 kW.
Fjöldi skipverja: 12



Frosti©Sigurður Bergþórsson

Gögn:


RNSA

Lögreglustjórinn á Suðurlandi

Atvikalýsing:

- Skipið lagði af stað frá bryggju á Hornafirði kl. 12:20.
- Að sögn skipstjóra var hann úthvöldur, hafði farið að sofa kl. 23 kvöldið áður og hafi stýrimaður ræst hann um kl. 07 um morguninn.
- Veður var logn og bjart.
- Skipinu var handstýrt á leið út úr höfninni.
- Yfirstýrimaður var á stjórnþalli ásamt skipstjóra þegar skipið strandaði.
- Útfall var og var skipið á um 13 hnúta ferð þegar það strandaði.
- Útfallið var mikið og jók þar af leiðandi ferð skipsins meira en skipstjórinn áætlaði.
- Við strandið lagðist skipið á stjórnborðshliðina með allt að 30° slagsíðu.
- Skipstjórinn kallaði á Landhelgisgæsluna sem ræsti út dráttar- og hafnsögubátinn Björn lóðs og björgunarskipið Ingibjörgu á Hornafirði. Björn lóðs reyndi að ýta skipinu og koma því aftur inn í innsiglingarennuna en það tókst ekki.
- Því næst ýtti Björn lóðs á stefni skipsins og náði að snúa því þannig að stefnið vísaði út á meira dýpi og í kjölfarið var beðið eftir liggjanda í um 30-45 mínútur.

- Björn lóðs ýtti þá á afturenda skipsins auk þess sem vélar þess voru knúðar á fullum afköstum en við það losnaði skipið.
- Skipstjóri óskaði ekki eftir aðstoð hafnsögumanns við að sigla út frá höfninni en eftir strandið kom hafnsögumaður um borð og aðstoðaði við að losa skipið.
- Um borð í Frosta var notast við siglingahugbúnaðinn TIMEZERO og er mynd 1, af strandstaðnum, tekin úr því forriti.



Strandstaður

Mynd 1

- Hvorki urðu skemmdir á skipinu né slys á fólki við strandið og hélt skipið til veiða strax eftir að það losnaði af strandstað.

Guðmundur Freyr Úlfarsson, Geirbrúður Alfreðsdóttir, Hilmar Snorrason, Pálmi Jónsson, Hjörtur Emilsson og Jón Finnbjörnsson